

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 9. mars 2004.


Félagi eldri borgara í Reykjavík og nágrenni hefur borist í hendur frumvarp til laga um erfðafjárskatt 435. mál um heildarlöggjöf.

Framkvæmdastjórn fjallaði um málið. Hún gerir athugasemd við 9. gr. a-lið þar sem gjaldstofn hlutabréfa skulu talin á nafnvirði. Við teljum að gjaldstofn þeirra skuli vera eftir markaðsverðmætum hlutabréfanna eins og önnur bréf svo sem húsbref, fasteignaveðbréf, verðtryggð spariskírteini ríkissjóðs o.fl.

Hinsvegar telur framkvæmdastjórn FEB ekki þörf á, í skattalegu tilliti, að styrkja stöðu þeirra sem erfa fé, og jafnframt að þeim 300-400 milljónum kr. sem Fjármálaráðuneytið telur að samþykkt frumvarp muni kosta ríkissjóð verði betur varið til annarra skattalegra breytinga. T.d. að það hafi forgang að skattleysismörk tekjuskatts verði hækkuð og verði í samræmi við skilgreindan kostnað lágmarksframfærslu og að felldur verði niður eignarskattur á íbúðir sem eigendur búa í.

Framkvæmdastjórn FEB telur þetta frumvarp því ótímabært og ætti ekki að fá afgreiðslu á Alþingi.

Virðingarfyllst,
f.h. framkvæmdastjórnar
Félags eldri borgara í Reykjavík



Stefanía Björnsdóttir
framkvæmdastjóri